



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Vesturbyggð
b/t Bæjarráðs
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Ísafirði, 5. nóvember 2021

2111015 FS

Efni: Uppbyggingarverkefni Bjarg íbúðafélag

Ljóst er að viðvarandi skortur á hagkvæmu leiguhúsnæði á Vestfirðum kemur í veg fyrir frekari fólksfjölgun og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélögum á svæðinu. Nauðsynlegt er að hefja strax átak í uppbyggingu á hagkvæmu leiguhúsnæði til að mæta þeirri þörf og leita til þeirra aðlila sem að okkar mati standa best að vígi til að slíkt geti orðið að veruleika. Er í því samhengi nærtækast hjá okkur að benda á Bjarg leigufélag.

Fulltúar Verkalýðsfélags Vestfirðinga (Verk Vest), Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður og Bergvin Eypórsson, varaformaður hafa þegar fundað með framkvæmdastjóra Bjargs, Birni Traustasyni, hvar farið var yfir áherslur Bjargs þegar kemur að uppbyggingarverkefnum leiguíbúða til tekjulágra einstaklinga. En helsta markmið Bjargs er auka framboð á hagstæðu leiguhúsnæði fyrir þann hóp leigjenda. Benti Björn á að stærðarhagkvæmni leigufélagsins hafi verið að skila lækkuðu leiguverði til íbúa hjá Bjargi.

Benti Björn á að tekjuviðmið hafi hækkað og því hafi fleiri möguleika á að komast inn í leiguíbúðakerfi Bjargs og einnig að á sl. 2 árum hafi bjarg byggt 500 slíkar íbúðir og fleiri verkefni væru í undirbúningi og uppbyggingu. Var í því samhengi bent á hagkvæmni samnýtingu verkefna. Sem dæmi að byggja sama hús í Grindavík og á Selfossi. "Við getum unnið með heimamönnum, við bara vitum hvað hlutirnir kosta" svo vitnað sé til orða Björns sem ítrekar að staðsetning eigi ekki að hafa afgerandi áhrif á verð íbúða.

Góð reynsla sé nú komin á verkefnin og því hægt að fara í samstarf við fleiri sveitarfélög og bendir Björn á að sveitarfélögin hafi leitað til fleiri samstarfsaðila en Bjargs s.s. Bríetar leigufélag og Hrafshóls sem í báðum tilvikum hafi skilað íbúum of háu leiguverði.

Ferlinu að uppbyggingu leiguíbúða í samstarfi með Bjargi lýsir Björn þannig:

1.1. Sveitarfélög þurfa að sýna fram á húsnæðisþörf með húsnæðisáætlun Húsnæðis og mannvirkjastofnun (HMS) vinnur þessa áætlun í samstarfi við sveitarfélagið. Greina þarf tekjuhópin sem er í húsnæðisþörf.

Þegar sýnt hefur verið fram á húsnæðisþörf getur Bjarg komið að málum. Það er sveitarfélagsins að taka ákvörðun um hvort unnið verði með Bjargi.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

1.2. Bjarg velur samstarfsaðila

Viðkomandi sveitarfélag verður síðan að taka ákvörðun um hvort það sé tilbúið til að vinna með Bjargi, enda greiðist stofnframlag af bæjarfélaginu.

Tölur um byggingarkostnað liggja fyrir hjá Bjargi. Hagstæðast er að byggja 2ja hæða fjölbýli (lágmark 12 íbúðir) eða raðhús á einni hæð.

Hönnunarferlið er unnið með opið bókhald þannig að samstarfsaðilar/verktakar koma að hönnun frá grunni. Skrifað er undir samning þegar allir aðilar eru sáttir með sinn hlut.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og einnig mikils áhuga Bjargs íbúðafélags á samstarfi við Vesturbyggð hvetur Verkalýðsfélag Vestfirðinga Bæjarráð Vesturbyggðar til að hefja strax samtali við Bjarg um uppbyggingu á hagkvæmu leiguhúsnæði í sveitafélaginu.

Orð eru til alls fyrst.

F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga.



Finnþogi Sveinbjörnsson
Formaður